



Adalimumab lyfjagjöf

Gigtarsjúkdómur hjá barni

Hvernig virkar lyfið?

Adalimumab er líftæknilyf sem dregur úr bólguviðbrögðum ónæmiskerfisins. Með því að hemja þessi bólguviðbrögð geta einkenni barnagigtar svo sem liðbólga, hreyfiskerðing, verkir og þreyta minnkað. Lyfið byrjar að virka eftir tvær til átta vikur. Það er notað ef önnur lyf, svo sem methotrexate, hafa ekki gefið nægilega góðan bata eða þolast ekki. Oftast er lyfið gefið með öðrum gigtarlyfjum, svo sem methotrexate. Sérlyfjaheiti adalimumab eru meðal annars Humira®, Imraldi® og Amgevita® og Idacio®.

Hvernig er lyfið gefið?

Lyfið er gefið með stungu undir húð aðra hverja viku. Þú eða einhver nákominn lærir að gefa lyfið heima.

Hverjar eru mögulegar aukaverkanir?

Alvarlegar aukaverkanir eru sjaldgæfar. Einkenni eins og kláði, marblettur, bólga eða roði á stungustað geta valdið óþægindum en eru ekki alvarleg og hverfa oft við áframhaldandi notkun. Ofnæmisútbrot eða hiti geta komið fyrir auk þess sem lyfið getur haft áhrif á blóðfrumur og lifur en það er mjög sjaldgæft.

Þegar bólguviðbrögð ónæmiskerfisins eru hamin með adalimumab getur mótstaða gagnvart sýkingum minnkað og þá eykst hætta á kvefi og sýkingum í öndunarferum. Slíkt er þó mjög fátítt.

Þarf að fylgjast sérstaklega með mér?

Þú þarf að vita um mögulega hættu á sýkingum. Ef þú ert með hita áttu ekki að nota lyfið þá vikuna, heldur fresta gjöf um eina viku. Hafðu samband við gigtarteymið ef þú ert í vafa eða ef þú heldur að þú sért með aukaverkanir af lyfinu. Oft er fylgst með niðurstöðum blóðrannsóknna á nokkurra mánaða fresti, einnig vegna sjúkdómsins sjálfs.

Aðrar upplýsingar

Bólusetningar

Ef gefa á bólusetningar sem innihalda lifandi veiklaða sýkla meðan lyfið er notað þarf að ræða það sérstaklega við lækni eða hjúkrunarfræðing barnagigtarteymis. Þetta á við t.d. um bólusetningu gegn mislingum, hettusótt, rauðum hundum, hlaupabólu og berklum.

Skurðaðgerðir

Skurðaðgerðir þarf að skipuleggja með fyrirvara ef mögulegt er. Þá tekur þú ekki lyfið vikuna fyrir aðgerð en byrjar aftur eftir eina til tvær vikur ef allt hefur gengið vel.

Meðganga og brjóstgjöf

Óljóst er hvort lyfið getur haft óæskileg áhrif á þungun og brjóstgjöf. Ef spurningar vakna ræddu við lækni eða hjúkrunarfræðing barnagigtarteymis.

Tannhirða

Tannhirða er mikilvæg. Ef fyrirhuguð er aðgerð hjá tannlækni þar sem hætta er á blæðingu eru stundum gefin sýklalyf til að koma í veg fyrir að bakteríur komist í blóðrás og geti valdið sýkingu.

Húðflúrur og götun

Mikilvægt er að hafa í huga að hætta á húðsýkingum getur aukist við húðflúrur eða götun.

Ferðalög

Við ferðalög er mikilvægt að lyf séu höfð í handfarangri. Þegar ferðast er með flugi erlendis er æskilegt að hafa meðferðis vottorð um lyfjameðferðina frá barnagigtarteymi.

Láttu vita um meðferðina ef þú þarft að leita til annarra lækna en þeirra sem venjulega annast meðferð þína.

Frekari upplýsingar um lyfið

Sérlyfjaskrá, Lyfjastofnun: <https://www.serlyfjaskra.is/ShowResult.aspx?d=1&p=1&n=0&i=1&t=0&a=0&at=0&m=0&q=Adalimumabum+INN>